



FJÁRHAGUR OG GJALDSKRÁ HAFNA ÁRIÐ 2003

Yfirlit um afkomu hafna:

- Reykjavíkurbörn
- 16 úrtakshafnir
- Aðrar hafnir

Hag- og upplýsingasvið
Sambands íslenskra sveitarfélaga
Október 2004

Fjárhagur og gjaldskrá hafna árið 2003

© Samband íslenskra sveitarfélaga – Hag- og upplýsingasvið 2004

Háaleitisbraut 11

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Sími: 515 4900

Netfang: samband@samband.is

Veffang: www.samband.is

2004/04

EFNISYFIRLIT.	BLS
1. Inngangur	3
2. Hafnir á Íslandi	4
2.1 Skrá yfir hafnir og hafnarsjóði	4
2.2 Flokkun hafna	5
3. Ársreikningar hafnarsjóða	7
3.1 Inngangur	7
3.2 Skýringar við framsetningu upplýsinga	7
3.3 Helstu niðurstöður	8
3.4 Umsögn um afkomu hafna	12
4. Yfirlit um rekstrarumhverfi hafna á árinu 2003	14
4.1 Aflagjöld	14
4.2 Próun gjaldskrár og rekstrarkostnaðar	15
Fylgiskjal 1. Yfirlit um gjaldskrá fyrir hafnir á árunum 1998-2003	19
Fylgiskjal 2. Gjaldskrá fyrir hafnir	20

TÖFLUSKRÁ:

Tafla 1. Niðurstöðutölur úr rekstri 16 úrtakshafna árin 2002 og 2003 (millj. kr á verðlagi hvers árs):	8
Tafla 2. Niðurstöðutölur úr rekstri Reykjavíkurhafnar árin 2002 og 2003 (millj. kr. á verðlagi hvers árs):	8
Tafla 3. Niðurstöðutölur úr rekstri „annarra hafna“ innan hafnasambandsins fyrir árin 2002 og 2003 (millj. kr á verðlagi hvers árs):	9
Tafla 4. Niðurstöður úr ársreikningum 16 hafnarsjóða 1992 - 20019 (á verðlagi ársins 2001).	9
Tafla 5. Niðurstöður úr ársreikningum Reykjavíkurhafnar árin 1992 - 2001 (á verðlagi ársins 2001).	9
Tafla 6. Magn og verðmæti sjávarafla sem landað var í íslenskum höfnum á árunum 2002 og 2003.*	14
Tafla 7. Yfirlit um rekstur hafnarsjóða á árinu 2003.	16
Tafla 8. Hafnarsjóðir flokkaðir eftir tekjum á árinu 2003	17

MYNDASKRÁ:

Mynd 1. Hlutfallsleg skiptingtekna hjá 16 hafnarsjóðum á árinu 2003	10
Mynd 2. Hlutfallsleg skipting tekna hjá Reykjavíkurhöfn á árinu 2003	10
Mynd 3. Próun afkomu hjá 16 úrtakshöfnum á árunum 1992 – 2003	10
Mynd 4. Próun afkomu Reykjavíkurhafnar á árunum 1992 - 2003	11
Mynd 5. Próun afkomu hjá „öðrum höfnum“ innan hafnasambandsins á árunum 1992 - 2003	11
Mynd 6. Samanburður á þróun kostnaðarvísitalna og gjaldskrá hafna	15

1. INNGANGUR

Á vegum Hafnasambands sveitarfélaga hefur um árabíl verið tekin saman árleg skýrsla um stöðu hafnarsjóða. Í þessari skýrslu kemur fram yfirlit er varðar rekstrarlega og fjárhagslega stöðu hafna á Íslandi á árinu 2003. Teknar voru sérstaklega saman upplýsingar um tekjur og gjöld 17 hafnarsjóða (Reykjavíkurbafnar og 16 úrtakshafna) fyrir árið 2003. Þetta fyrirkomulag er viðhaft í því augnamiði að hafa tiltækar sambærilegar niðurstöður fyrir ákveðinn hóp hafna frá ári til árs þannig að auðveldara sé að glöggva sig á hvert stefnir í afkomu og efnahag hafna á Íslandi.

Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur frá árinu 2000 annast vinnslu skýrslu um stöðu hafnarsjóða innan Hafnasambands Íslands. Starfsmenn sviðsins hafa annast öflun gagna s.s. ársreikninga og fjárhagsáætlana frá höfnum landsins og annarra þeirra upplýsinga sem eru grundvöllur að skýrslu þessari.

Ný hafnalög nr. 61/2003 voru samþykkt á Alþingi þann 27. mars 2003. Samgönguráðherra gaf út gjaldskrá fyrir hafnir frá 21. maí 2003 með tilvísan til hafnalaga en í þeim segir eftirfarandi:

„Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldskrá.

Við gildistöku ákvæðisins setur samgönguráðherra gjaldskrá fyrir allar hafnir til 12 mánaða fyrir lestar- og bryggjugjöld, farþegagjald og vörugjöld, þ.m.t. aflagjald. Heimilt er einstökum höfnum að hækka eða lækka þessi gjöld um 20%. Skal gjaldskráin við það miðuð að hafnir landsins geti haft nægar tekjur til að standa undir rekstri miðað við forsendur þessara laga. Þó er óheimilt að hækka gjöld einstakra hafna umfram það sem þörf krefur til að standa undir rekstri hafnar, sbr. skilgreiningu 3. gr. Samgönguráðherra er heimilt að gefa út sérstaka gjaldskrá til 12 mánaða fyrir hverja höfn sem undir þetta getur fallið. Í lok þessa 12 mánaða tímabils flytjast gjaldskrárákvarðanir til hafna..“

Því er hér birt gjaldskrá fyrir hafnir frá því í maí 2003. Ekki liggur fyrir að fullu hvaða áhrif fyrrgreind breyting hefur á rekstur hafna á Íslandi fyrr en á árinu 2005, þar sem gjaldskrárákvarðanir fluttust til hafna undir mitt ár 2004.

Skýrsla þessi er lögð fram á Hafnasambandsþingi sem haldið er dagana 28. - 29. október 2004

Gunnlaugur Júlíusson

2. HAFNIR Á ÍSLANDI

2.1 SKRÁ YFIR HAFNIR OG HAFNARSJÓÐI

Skrá yfir hafnasjóði og hafnir á Íslandi eins og hún var á árinu 2003 fer hér á eftir. Þar sem fleiri en ein höfn er í einum og sama hafnarsjóði eða hafnir eru reknar saman í hafnasamlagi er þess sérstaklega getið.

Heiti hafna/hafnasamlaga	Undirhafnir	Heiti hafna/hafnasamlaga	Undirhafnir
Grundartangahöfn		Hafnasamlag Norðurlands	Hjalteyrarhöfn
Akraneshöfn			Akureyrarhöfn
Borgarneshöfn			Svalbarðseyrarhöfn
Hafnarsjóður Snæfellsbæjar	Arnarstapahöfn		Grenivíkurhöfn
	Rífshöfn	Húsavíkurhöfn	
	Ólafsvíkurhöfn	Tjörneshöfn	
Grundarfjarðarhöfn		Kópaskershöfn	
Stykkishólmhöfn		Raufarhafnarhöfn	
Búðardalshöfn		Þórshafnarhöfn	
Reykholahöfn		Bakkafjarðarhöfn	
Hafnarsjóður Vesturbyggðar	Brjánslækjarhöfn	Vopnafjarðarhöfn	
	Patreksfjarðarhöfn	Borgarfjarðarhöfn	
	Bíldudalshöfn	Seyðisfjarðarhöfn	
Tálknafjarðarhöfn		Hafnarsjóður Fjarðabyggðar	Neskaupstaðarhöfn
Bolungarvíkurhöfn			Eskifjarðarhöfn
Hafnarsjóður Ísafjarðarbæjar	Pingeyrarhöfn		Reyðarfjarðarhöfn
	Flateyrarhöfn	Fáskrúðsfjarðarhöfn	
	Suðureyrarhöfn	Stöðvarfjarðarhöfn	
	Ísafjarðarhöfn	Breiðdalsvíkurhöfn	
Súðavíkurhöfn		Djúpavogshöfn	
Norðurfjarðarhöfn		Hornafjarðarhöfn	
Drangsneshöfn		Vestmannaeyjahöfn	
Hólmavíkurhöfn		Þorlákshafnarhöfn	
Hvammstangahöfn		Grindavíkurhöfn	
Blönduósshöfn		Sandgerðishöfn	
Skagastrandarhöfn		Hafnarsjóður Reykjanesbæjar	Keflavíkurhöfn
Hafnarsjóður Svíél. Skagafj.	Sauðárkrókshöfn		Njarðvíkurhöfn
	Hofsósshöfn		Hafnir
	Haganesvíkurhöfn		Helguvíkurhöfn

Siglufjarðarhöfn		Vogahöfn	
Hafnasamlag Eyjafjarðar	Ólafsfjarðarhöfn	Hafnarfjarðarhöfn	Hafnarfjarðarhöfn
	Dalvíkurhöfn		Straumsvíkurhöfn
	Árskógshöfn	Garðabæjarhöfn	
	Hríseyjarhöfn	Kópavogshöfn	
Grímseyjarhöfn		Reykjavíkurhöfn	

2.2 FLOKKUN HAFNA

Hafnir landsins má flokka á eftirfarandi hátt með hliðsjón af þeirri starfsemi sem þar fer fram:¹

- Fiskihafnir
- Farmhafnir
- Ferjuhafnir
- Iðnaðarhafnir
- Skemmtibátahafnir

Flestar hafnir á Íslandi eru fiskihafnir að stærstum hluta til eða jafnvel eingöngu að iðnaðarhöfnum undanskyldum. Straumsvíkurhöfn, Grundartangahöfn og Reykhólahöfn þjóna þannig sérstaklega ákveðnum iðnfyrirtækjum og flokkast ekki undir fiskihafnir.

Siglingastofnun flokkar fiskihafnir í eftirfarandi flokka:

a) Stórskipahöfn (stór fiskihöfn):

Í þessu flokki eru eftirtaldar 16 hafnir:

*Akraneshöfn	*Akureyrarhöfn	*Eskifjarðarhöfn
*Fáskrúðsfjarðarhöfn	*Grindavíkurhöfn	Hafnarfjarðarhöfn
*Hornafjarðarhöfn	*Höfnin Keflavík Njarðvík	Ísafjarðarhöfn
*Neskaupstaðarhöfn	*Reykjavíkurhöfn	*Sandgerðishöfn
*Seyðisfjarðarhöfn	*Siglufjarðarhöfn	*Vestmannaeyjarhöfn
*Þorlákshöfn	*Helguvíkurhöfn	
* Löndun á uppsjávarfiski		

¹ Heimild: Siglingastofnun Íslands; Hafnalýsing

b) Skipahöfn (meðalstór fiskihöfn):

Í þessum flokki eru eftirtaldar 16 hafnir:

*Bolungarvíkurhöfn	Dalvíkurhöfn	*Djúpavogshöfn
Grundarfjarðarhöfn	Húsavíkurhöfn	*Ólafsfjarðarhöfn
Ólafsvíkurhöfn	Patreksfjarðarhöfn	*Raufarhafnarhöfn
*Reyðarfjarðarhöfn	Rífshöfn	Sauðárkrókshöfn
Skagastrandarhöfn	Stykkishólmshöfn	*Vopnafjarðarhöfn
*Þórshafnarhöfn		

* Löndun á uppsjávarfiski

c) Bátahöfn:

Í þessum flokki eru eftirtaldar 11 hafnir:

Bíldudalshöfn	Blönduóshöfn	Flateyrarhöfn
Hólmavíkurhöfn	Hvammstangahöfn	Stöðvarfjarðarhöfn
Suðureyrarhöfn	Súðavíkurhöfn	Tálknafjarðarhöfn
Þingeyrarhöfn	Árskógssandshöfn	

d) Smábátahöfn:

Í þessum flokki eru eftirtaldar 14 hafnir:

Arnarstapahöfn	Bakkafjarðarhöfn	Borgarfjarðarhöfn eystri
Breiðdalsvíkurhöfn	Brjánslækjarhöfn	Drangsneshöfn
Grenivíkurhöfn	Grimseyjarhöfn	Hjalteyrarhöfn
Hofsóshöfn	Hríseyjarhöfn	Kópaskershöfn
Norðurfjarðarhöfn	Vogahöfn	Hafnir

Auk þessara hafna sem hér eru að framan taldar eru nokkrir minni löndunarstaðir víða um land.

3. ÁRSREIKNINGAR HAFNARSJÓÐA

3.1 INNGANGUR

Niðurstöður úr ársreikningum hafnarsjóða fyrir árið 2003 eru birtar fram hér á eftir. Þær eru unnar á eftirfarandi hátt:

Í fyrsta lagi er gerð sérstaklega grein fyrir niðurstöðum úr ársreikningum Reykjavíkurhafnar, en sökum stærðar sinnar hefur hún verulega sérstöðu meðal íslenskra hafna.

Í öðru lagi er gerð grein fyrir niðurstöðum ársreikninga 16 „úrtakshafna“ en þar eru reikningar sömu hafna og hafnasamlaga gerðir upp á áþekkan hátt frá ári til árs þannig að marktækur samanburður fái á afkomu þeirra. Fram kemur í töflu 7 hvernig hafnir eru flokkaðar niður.

Í þriðja lagi er gerð grein fyrir afkomu „annarra hafnarsjóða“, sem eru innan hafnasambandsins. Þar er meðal annars um að ræða margar af minni höfnum landsins, sem engu að síður hafa flestar afgerandi þýðingu fyrir atvinnulíf í viðkomandi byggðarlagi.

Í fjórða lagi er gerð grein fyrir afkomu nokkurra hafnarsjóða (flestra lítilla) sem eru utan hafnasambandsins.

3.2 SKÝRINGAR VIÐ FRAMSETNINGU UPPLÝSINGA

- Við uppgjör ársreikninga frá árunum 2002 og 2003 eru hafnarsjóðir sveitarfélaga gerðir upp eftir breyttum reikningsskilum miðað við það sem var fyrir þann tíma. Það hefur í för með sér að upplýsingar frá þessum árum eru á margan hátt ekki sambærilegar við niðurstöður fyrri ára. Helstu frávikin eru eftirfarandi:
 - Afskriftir eru reiknaðar með í rekstrargjöldum. Því eru niðurstöður rekstrargjalda ekki sambærilegar við rekstrarniðurstöðu fyrri ára.
 - Útreikningur á verðbreytingarfærslum fer ekki lengur fram.
 - Greiðslubyrði lána sýnir er nú eingöngu reiknuð sem afborgun af langtímalánum.
- Ársreikningar bárust frá öllum hafnarsjóðum nema hafnarsjóði Grímseyjarhrepps.
- Í einstökum tilvikum hefur sveitarsjóður lagt hafnarsjóði til beint rekstrarframlag sem bókfært er sem tekjur í ársreikningi hafnarsjóðs. Þessi framlög sveitarsjóðs eru ekki skráð sem tekjur í þessari skýrslu því ella fengist ekki rétt mynd af raunverulegri rekstrarafkomu hafnarsjóða á landinu.

3.3 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Helstu niðurstöður úr rekstri 16 úrtakshafna á árinu 2003 eru bornar saman við niðurstöður úr rekstri sömu hafna frá árinu 2002 í töflu 1. Hafa ber ákveðið í huga að ekki er hægt að bera saman rekstrargjöld eða afkomu hafnanna við fyrri ár þar sem nú er beitt öðrum reikningsskilaaðferðum við uppgjör hafnarsjóða en áður var gert. Hér er sett fram heildaryfirlit um afkomu hafnarsjóða þ.e. að rekstrargjöld og afskriftir eru tekin saman undir heitinu rekstrarkostnaður. Fram kemur að rekstur 16 úrtakshafna hefur batnað nokkuð á árinu en samt sem áður er verulegur hallarekstur hjá þessum flokki hafna, rekstur Reykjavíkurhafnar hefur batnað nokkuð og skilar örlitlum rekstrarafgangi en rekstur annarra hafna innan hafnasambandsins hefur batnað allmikið.

Tafla 1. Niðurstöðutölur úr rekstri 16 úrtakshafna árin 2002 og 2003 (millj. kr á verðlagi hvers árs):

	2002	2003	Breyting í kr	Breyting í %	Í þessum samanburði kemur fram að tekjur 16 úrtakshafna á árinu 2003 hafa aukist um 9,2% miðað við afkomu þeirra á árinu 2002. Aflagjald hækkar heldur meir eða um 10,3%. Rekstrarkostnaður þeirra eykst um tæpt 0,5%. Minna ber á að afkoma hafna innan þessa flokks er verulega breytileg.
Aflagjöld	404,5	446,3	41,8	10,3	
Tekjur alls	1245,8	1360,5	114,7	9,2	
Rekstrarkostnaður	1577,2	1583,4	6,2	0,4	
Niðurstaða	-331,4	-222,9	108,5	-32,7	

Yfirlit um rekstur Reykjavíkurhafnar á árunum 2002 og 2003 kemur fram í töflu 2.

Tafla 2. Niðurstöðutölur úr rekstri Reykjavíkurhafnar árin 2002 og 2003 (millj. kr. á verðlagi hvers árs):

	2002	2003	Breyting í kr	Breyting í %	Heildartekjur Reykjavíkurhafnar á árinu 2003 hækka um 3,5% frá árinu 2002 en heildar rekstrarkostnaður lækkar um 4,7%. Aflagjald lækkar aftur á móti mun meir eða um tæp rúm 14%.
Aflagjöld	81,5	69,8	-11,7	-14,4	
Tekjur alls	1058,9	1095,9	37,0	3,5	
Rekstrarkostnaður	1142,1	1088,7	-53,4	-4,7	
Niðurstaða	-83,2	7,2	90,4	-108,7	

Niðurstöðutölur úr rekstri „annarra hafna“ innan hafnasambandsins á árunum 2002 - 2003.

Tafla 3. Niðurstöðutölur úr rekstri „annarra hafna“ innan hafnasambandsins fyrir árin 2002 og 2003 (millj. kr á verðlagi hvers árs):

	2002	2003	Breyting í kr	Breyting í %	Tekjur „annarra hafna“ innan hafnasambandsins
Aflagjöld	198,4	157,9	-40,5	-20,4	hafa hækkað um 13 milljónir króna eða 2,5% á sama tíma
Tekjur alls	511,9	524,9	13,0	2,5	
Rekstrarkostnaður	601,1	527,0	-74,1	-12,3	
Niðurstaða	-89,2	-2,1	87,1	-97,6	

og aflagjald hefur lækkað um 20,4%. Heildartekjur þessa flokks lækka milli árunna 2002 og 2003 en rekstrarkostnaður lækkar um 74 milljónir eða 12%. Vegna þess hve mikill breytileiki í stærð hafna innan þessa flokks svo og afkomu þeirra er ekki hægt að líta á þær sem einsleitan hóp.

Í töflum 4 og 5 eru birtar eldri niðurstöður um afkomu hafnarsjóða á árunum 1992 - 2001 þannig að hægt sé að fá yfirlit og samanburð um afkomu fyrri ára með öllum þeim fyrirvörum sem verða að gilda í slíkum efnum og vikið hefur verið að hér að framan.

Tafla 4. Niðurstöður úr ársreikningum 16 hafnarsjóða 1992 - 2001 (á verðlagi ársins 2001).

	Tekjur	%	Gjöld	%	Framlegð	%	Greiðslubyrði	Niðurstaða
1992	1.112.989	100%	838.650	75%	416.829	37,45%	159.114	257.715
1993	1.079.052	100%	732.550	68%	346.502	32,11%	232.654	113.848
1994	1.080.349	100%	726.230	67%	354.119	32,78%	304.616	49.503
1995	1.151.362	100%	754.114	65%	397.248	34,50%	274.173	123.075
1996	1.232.962	100%	840.648	68%	392.314	31,82%	260.524	131.790
1997	1.209.593	100%	835.669	69%	385.296	31,85%	227.828	157.468
1998	1.235.486	100%	882.565	71%	352.921	28,57%	381.998	-29.076
1999	1.190.238	100%	838.650	70%	351.588	29,54%	468.860	-117.272
2000	1.163.206	100%	844.566	73%	318.640	27,39%	602.457	-283.817
2001	1.181.121	100%	835.445	71%	345.676	29,27%	588.404	-242.728

Niðurstöður úr ársreikningum Reykjavíkurhafnar á árunum 1992 - 2001 kemur fram í töflu 5.


Tafla 5. Niðurstöður úr ársreikningum Reykjavíkurhafnar árin 1992 - 2001 (á verðlagi ársins 2001).

	Tekjur	%	Gjöld	%	Framlegð	%	Greiðslubyrði	Niðurstaða
1992	910.348	100%	572.425	62,9%	337.924	37,12%	67.676	270.248
1994	885.425	100%	621.548	70,2%	263.877	29,80%	49.095	214.782
1996	962.599	100%	668.562	69,5%	294.037	30,55%	1.959	292.079
1997	1.003.166	100%	761.539	75,9%	241.628	24,09%	6.899	234.728
1998	1.052.328	100%	701.378	66,7%	350.950	33,35%	38.153	312.798
1999	1.076.648	100%	705.652	65,5%	370.997	34,46%	35.040	335.957
2000	1.096.527	100%	704.457	64,2%	392.070	35,76%	346.260	45.810
2001	1.017.176	100%	753.368	74,1%	263.808	25,94%	394.971	-131.163


Í töflum 4 og 5 sést glögglega hve afkoma hafnarsjóða hefur versnað á því tímabili sem hér eru birtar niðurstöður fyrir.

Hér á eftir er birt yfirlit um hvernig tekjur 16 hafnarsjóða annars vegar (mynd 1) og Reykjavíkurborgar (mynd 2) hins vegar skiptast á árinu 2003. Myndirnar leiða vel í ljós þann mikla mun sem er á starfsemi Reykjavíkurborgar annars vegar og tiltekinna hafnarsjóða hins vegar. Hafnarsjóðirnir 16 hafa tæp 36% tekna sinna af aflagjaldi af lönduðum afla á meðan Reykjavíkurborgin hefur rúm 6% tekna sinna af aflagjaldinu og virðis þessi munur fara vaxandi. Á hinn bóginn hefur Reykjavíkurborgin 38% tekna sinna af eignaleigu og öðrum tekjum á meðan hafnarsjóðirnir 16 hafa um 12% tekna sinna frá þessum rekstrarlið. Tekjur af þjónustugjöldum vegna margvíslegrar þjónustu við skip skipta mun meira máli hjá hafnarsjóðunum 16 á meðan vörugjöld vegna mun þyngra hjá Reykjavíkurborg.


Mynd 1. Hlutfallsleg skipting tekna hjá 16 hafnarsjóðum á árinu 2003



Mynd 2. Hlutfallsleg skipting tekna hjá Reykjavíkurborgin á árinu 2003



Mynd 3. Þróun afkomu hjá 16 úrtakshöfnum á árunum 1992 – 2003




Á mynd 3 kemur fram yfirlit um ákveðna þætti í afkomu í rekstri 16 úrtakshafna. Vegna breyttra reikningsskila eru einungis birtar upplýsingar um tekjur hafnarsjóða og aflagjald þeirra á tímabilinu 1992 - 2003. Allar tölur eru færðar upp til verðlags ársins 2003 samkvæmt þróun neysluvísitölu miðað við júlístöðu ár hvert. Vegna þess að breytt reikningsskil hafa í för með sér að ekki er hægt að birta

samfelldar talnaseríur fyrir rekstrargjöld hafna og greiðslubyrði þeirra, þá eru fyrri tölur felldar út úr myndinni. Hafa ber í huga að nú eru afskriftir teknar með í rekstrargjöld þannig að þar er ekki einvörðungu um að ræða útlagðan kostnað. Greiðslubyrði lána er einnig reiknuð út á annan veg en áður því nú er einungis reiknað með afborgunum langtímalána.

Margar fiskihafnir, sérstaklega þær hafnir sem landa uppsjávarfiski, hafa á liðnum árum þurft að leggja í miklar fjárfestingar til að svara þeim breytingum sem hafa átt sér


stað hjá flotanum. Skip í uppsjávarveiðiflotanum hafa stækkað og þau eru orðin djúpristari. Þessari þróun hafa hafnirnar þurft að svara með auknum fjárfestingum án þess að tekjur þeirra hafi aukist að sama skapi sem kemur niður á afkomu þeirra þegar tekið er tillit til þess þunga sem greiðslubyrði lána hefur í för með sér. Tekjur fyrrgreindra hafnarsjóða aukast nokkuð að raungildi milli ára svo og tekjur þeirra af aflagjaldi. Þar getur gengisþróun krónunnar meðal annars haft áhrif þar sem nokkuð samhengi er á milli verðmætis landaðs afla í krónum talið og gengisþróunar krónunnar. Rekstrarkostnaður þessara hafna eykst einnig nokkuð milli ára. Hin mikla aukning á greiðslubyrði lána kemur fyrst og fremst til vegna breyttra aðstæðna hjá Hafnarfjarðarhöfn.

Mynd 4. Þróun afkomu hjá Reykjavíkurböfn á árunum 1992 - 2003



Á mynd 4 kemur fram yfirlit um þróun ýmissa atriða í rekstri Reykjavíkurböfnar á árunum 1992 - 2003.

Mynd 5. Þróun afkomu hjá „öðrum höfnum“ innan hafnasambandsins á árunum 1992 - 2003



neysluvísitölu.

Á mynd 5 kemur fram yfirlit um afkomu „annarra hafnarsjóða“ innan hafnasambandsins á árunum 1992, 1994 og 1996 - 2003. Víðast er um að ræða litlar og millistórar hafnir. Upplýsingar um afkomu hafnanna er sett frá á verðlagi ársins 2003 og er hún færð upp með hliðsjón af þróun

Eins og í samantekt fyrir 16 hafnarsjóði þá er ekki hægt að bera saman talnaraðir fyrir rekstrargjöld og afskriftir frá því fyrir og eftir breytingu á reikningsskilum. Ljóst er að afkoma þessara hafnarsjóða er erfið á árinu 2003. Því veldur að rekstrarkostnaður hefur vaxið umfram tekjur sem hefur í för með sér lakari rekstrarafkomu og greiðslubyrði lána hefur einnig vaxið verulega á síðustu tveimur árum vegna mikilla framkvæmda. Aflagjald lækkar nokkuð frá árinu 2002. Afkoma annarra hafna batnar heldur í heildina séð, tekjur þeirra hækka meir en sem nemur hækking rekstrargjalda og greiðslubyrði lána lækkar einnig. Minna ber á að í þessum flokki er Grundartangahöfn, sem sker sig nokkuð úr

öðrum höfnum í þessum flokki, þar sem hún hefur tekur sínar alfarið af viðskiptum við stóriðjufyrirtæki á Grundartanga, en aðrar hafnir í flokkinum eru fyrst og fremst fiskihafnir.

3.4 UMSÖGN UM AFKOMU HAFNA

Hafnarsjóðirnir 16, sem eru með um 72% af tekjum hafna utan Reykjavíkur, höfðu rúmlega 9% hærri tekjur árið 2003 en á árinu 2002 eins og kemur fram í töflu nr. 7. Rekstrargjöld eru hærri en heildartekjur þannig að þessar hafnir eru reknar með allnokkru tapi á árinu. Til viðbótar við rekstrargjöld reiknast afskriftir sem eiga að mæta afborgunum lána og viðhaldi mannvirkja og véla. Þegar rekstrargjöld og afskriftir eru verulega hærri en tekjur er gengið á eignir og skuldum safnað til lengri tíma.

Tekjur annarra hafna innan hafnasambandsins hækka hvað mest á árinu á árinu af þeim flokkum sem hér eru teknir til umfjöllunar, og á það fyrst og fremst við um fiskihafnir. Það kemur fyrst og fremst til vegna aukins afla hjá þessum flokki hafna. Afkoma þeirra batnaði því heldur á árinu og er rekstur þeirra í nokkru jafnvægi.

Í töflu 7 er birt sundurliðað yfirlit um niðurstöður úr ársreikningum einstakra hafnarsjóða á árinu 2003. Þar er hafnarsjóðum skipt upp í Reykjavíkurhöfn, 16 úrtakssjóði, aðra hafnarsjóði innan hafnasambandsins og hafnarsjóði utan hafnasambandsins. Niðurstaða ársins er borin saman við niðurstöður fyrra árs eftir því sem mögulegt er. Heildartekjur allra hafnarsjóða hækka um rúmlega 9,0%.

Sérstök ástæða er til að benda á yfirlit um skuldastöðu hafna hjá sveitarsjóðum sem kemur fram í töflu 7 og töflu 8. Þar kemur fram að heildarskuldir hafna við sveitarsjóði á árinu 2003 námu samtals um 340 milljónum kr. og er sú fjárhæð álíka og hún var í árslok 2002. Að hluta til eru skuldir hafnarsjóða við sveitarsjóði komin til vegna þess að sveitarsjóður fjármagnar yfirstandandi framkvæmdir til skamms tíma á meðan ríkisframlag er greitt út, en að hluta til safnast skuldin upp vegna viðvarandi hallareksturs á hafnarsjóði. Full ástæða er til að gefa þessari stöðu gaum, því sveitarsjóðir eru fæstir það vel staddir að þeir hafi burði til að taka verulegt fjármagn út úr rekstrinum til lengri eða skemmri tíma og lána stofnunum sveitarfélagsins með óvissu um endurgreiðslu. Inneign hafna hjá sveitarfélögunum lækkar úr 113 millj. kr í 73 millj. kr. Inneign hafna hjá ríkissjóði hefur eykst heldur eða úr 45 millj. kr í 105 millj. kr. Heildarskuldir hafna hækka heldur eða úr 7.737 millj. kr. á árinu 2002 í 8.339 millj. kr í árslok 2003 eða um 9%. Skammtímaskuldir lækka um 8% en langtímaskuldir hækka um 15%.

Í töflu 8 eru hafnarsjóðir sveitarfélaga flokkaðir eftir tekjum á eftirfarandi hátt:

- Reykjavíkurhöfn tekin sérstaklega út þar sem hún hefur sérstöðu hvað varðar rekstrarumfang meðal íslenskra hafna.
- Hafnarsjóðir sem hafa yfir 50,0 millj. kr í tekjur.
- Hafnarsjóðir sem hafa 20,0–49,9 millj. kr í tekjur.
- Hafnarsjóðir sem hafa 10,0–19,9 millj. kr í tekjur.
- Hafnarsjóðir sem hafa undir 10,0 millj. kr í tekjur.

Þessi skipting er sett upp til að fá gleggri yfirsýn yfir rekstur og skuldastöðu hafnarsjóða af mismunandi stærðarflokkum. Það gerir auðveldara að glöggva sig á stöðu einstakra stærðarflokka hafnarsjóða og hvert stefnir hjá þeim.

Draga má heildarniðurstöðu úr rekstri allra hafnarsjóða saman á eftirfarandi hátt:

- Erfitt er að bera afkomu hafna árin 2002 og 2003 saman við árin fyrir 2002 vegna breyttra reikningsskilaaðferða.
- Heildartekjur hafna hækkar um 6,5 prósentustig á árinu.
- Heildarskuld hafnarsjóða við sveitarsjóði er áþekk og á fyrra ári.
- Skuldsetning hafnarsjóða er víða mikil og heildarskuldir hafna eru um 9% hærri en á fyrra ári.
- Rekstrargjöld utan afskrifta lækka um 1,2%.
- Rekstrarafkoma hafnarsjóða er, þegar tekið hefur verið tekið tillit til afskrifta, neikvæð um 1.1 milljarð króna eða um þriðjung af heildartekjum tekjum þeirra.

4. YFIRLIT UM REKSTRARUMHVERFI HAFNA Á ÁRINU 2003

4.1 AFLAGJÖLD

Í gjaldskrá fyrir hafnir sem gefin var út í maí 2003 er aflagjald ákveðið 1,60% með 20% +/- fráviki (1,28% - 1,92%) af verðmæti sjávarafla sem fer um hafnir landsins. Aflagjöld voru áður 1,03% (1,01–1,05%) af verðmæti sjávarafla. Fyrir margar fiskihafnir er aflagjaldið einn mikilvægasti tekjustofn þeirra. Yfirlit um sjávarafla og aflaverðmæti, sem landað er í íslenskum höfnum á árunum 2002 og 2003, hefur verið tekið saman og kemur fram hér að neðan í töflu 6.

Tafla 6. Magn og verðmæti sjávarafla sem landað var í íslenskum höfnum á árunum 2002 og 2003.*

Af Íslandsmiðum	2002		2003	
	Þús. t.	m.kr	Þús. t.	m.kr
Botnfiskur (bol - og flatf.)	284,3	31.465	285,6	36.144
Sjóunninn (bol - og flatf.)	164,2	21.032	173,6	17.646
Gámafiskur (bol - og flatf.)	25,4	4.440	33,0	4.776
Síld	96,6	1.768	132,2	1.756
Loðna, loðnuhr. og kolmunni	1.382,60	10.254	1.079,20	7.751
Rækja (verkuð innanl.)	25,6	2.425	20,4	1.650
Rækja (sjófryst)	3,6	834,7	3,5	746,9
Humar	1,5	513,8	1,7	505
Hörpudiskur	5,2	202,2	0,8	30,4
Kúfiskur	12,3	51,4	14,4	49,8
Annað	0,2	24,1	0,2	14,6
Alls af Íslandsmiðum	2.001,47	73.009,10	1.744,64	71.069,20

Afli af fjarlægum miðum og af erlendum skipum

	2002		2003	
	Þús. t.	m.kr	Þús. t.	m.kr
Íslensk skip				
Botnfiskur	6,6	1.027,4	6,4	855,1
Íslandssíld	127,1	2.551,1	117,9	1.911,5
Kolmunni	48,9	407,0	102,8	762,2
Rækja (Barentshaf)	1,1	73,8	4,7	617,0
	183,7	4.059,3	231,8	4.145,8
Erlend skip				
Botnfiskur	7,7	888,7	4,2	331,6
Rækja	35,8	4.066,4	38,8	3.966,3
Síld	1,1	11,9	1,8	18,2
Loðna, kolmunni	116,2	925,0	180,1	1.287,0
Alls af fjarlægum miðum og erl. skip.	160,8	5.892,0	224,9	5.603,1

	2002		2003	
	Þús. t.	m.kr	Þús. t.	m.kr
Samtals landað í ísl. höfnum:	2.345,9	82.960,4	2.201,3	80.818,1

* Heimild: Útvegur 2002 og ritröðin Sjávarútvegur 2003; Hagstofa Íslands. Athugið að frá heildarafla eru dregnar sölur erlendis. Reiknað er með að rækjuafli á Flæmska hattinum hafi að langmestu leyti verið landað í Kanada.

Verðmæti þess afla sem landað er í íslenskum höfnum á árinu 2003 hefur aukist um 15% frá fyrra ári. Á sama tíma hefur innheimt aflagjald hjá öllum höfnum landsins hækkað um 18%. Heildarmagn landaðs afla hefur aukist um 13%. Verðþróun á loðnu- og síldarafurðum og aflabrögð á þessum tegundum hafa veruleg áhrif á afkomu margra hafna vegna þess mikla magns sem landað er af þessum fiskitegundum á ári hverju.


Á árinu 2003 var afli íslenskra skipa tæplega 1.980 þúsund tonn og flokkast þetta ár með bestu aflaárum Íslandssögunnar þrátt fyrir nokkurn samdrátt frá árinu 2002. Helsta skýring samdráttarins er minni loðnuafli. Aflaverðmæti minkaði hins vegar mun meir en aflinn. Segja má að öll aukning aflaverðmætis á árunum 2001 og 2002 sé nú gengin til baka og má ætla að skýringa sé að leita í lækkun á gengi íslensku krónunnar sem og lækkandi aflaverðmæti. Af afla íslenskra fiskiskipa var mest unnið á Austurlandi enda sá landshluti vel staðsettur m.t.t. veiða á uppsjávartegundum. Á Suðurnesjum var unnið úr mestum aflaverðmætum eða fyrir um 10.8 milljarða króna. Á höfuðborgarsvæðinu var unnið mest úr botnfiski eða ríflega fimmtungur heildarmagnsins, að mestu í Reykjavík.

Innflutt hráefni til fiskvinnslu var 225 þúsund tonn árið 2003 og jókst um 64 þúsund tonn frá fyrra ári. Verðmæti þessa innflutnings minnkaði hins vegar um 0,3 milljarða króna árið 2003. Skýringarinnar er að leita í verulegum samdrætti í innflutningi botnfisks en mikilli aukningu á innflutningi uppsjávartegundar.

4.2 ÞRÓUN GJALDSKRÁR OG REKSTRARKOSTNAÐAR

Þegar fjallað hefur verið um forsendur fyrir þörf hafnanna á gjaldskrárhækkun á liðnum árum, þá var ekki nægjanlegt að taka einungis mið af rekstrarstöðu ársins. Í þessu sambandi var fróðlegt að fá samanburð á hvernig þróun gjaldskrár hafna hefur verið í samanburði við aðra kostnaðarþróun í samfélaginu.

Mynd 6. Samanburður á þróun kostnaðarvísitalna og gjaldskrá hafna



Á mynd 6 er þróun vörugjalda og almennrar gjaldskrár borin saman við þróun byggingarvísitölu annars vegar og þróun launavísitölu og neysluvísitölu hinsvegar, þegar þær hafa verið lagðar saman í hlutföllunum 40% launavísitala og 60% neysluvísitala. Þar kemur glögg í ljós að þróun í gjaldskrá hafna hefur ekki náð að fylgja eftir þróun á öðru verðlagi í

samfélaginu frá árinu 1992 fram til ársins 2002.

Eins og kemur fram í formála er ákveðið í gjaldskrá fyrir hafnir frá 2003 að 12 mánuðum eftir setningu þeirrar gjaldskrár flytjist gjaldskrárákvarðanir til einstakra hafna. Því verður ekki fært að bera saman þróun gjaldskrár á sama hátt og verið hefur til þessa í skýrslu um afkomu og rekstrarumhverfi hafna. Á hinn bóginn tekur við með þessum breytingum nýtt rekstrarumhverfi hafna landsins þar sem athyglisvert verður að fylgjast með hver þróun verður í gjaldskrármálum þeirra.

Tafla 7. Yfirlit um rekstur hafnarsjóða á árinu 2003.

16 úrtakssjóðir 2003	Afla- gjald mkr.	Tekjur mkr.	Rekstrar- gjöld mkr.	Rekstrar- niðurst. án afískr	Aískr. mkr.	Afkoma úr rekstri	Skuld við sv.sjóð	Inneign há svsj.	Inneign há ríkissj.	Skamm- tímask. mkr.	Langtíma skuldir mkr.	Heildar- skuldir mkr.
Hafnarfjörður	34.589	199.648	133.011	66.637	46.463	20.174				839.711	389.004	1.228.715
Vestmannaeyjar	59.774	184.178	155.607	28.571	108.127	-79.556				54.589	482.120	536.709
Fjarðabyggð	58.500	174.679	93.286	81.393	32.237	49.156				45.038	60.358	105.396
Hafnasamtág Norðurl.	36.000	156.274	105.434	50.840	58.657	-7.817	7.043			60.829	318.245	379.074
Ísafjarðarbær	34.590	86.109	70.035	16.074	12.084	3.990	15.978			30.961	118.006	148.967
Akranes	30.708	81.014	72.160	8.854	41.973	-33.119				17.956	90.010	107.966
Reykjanesbær	10.602	79.630	169.329	-89.699	33.985	-123.684			11.700	177.797	1.416.678	1.594.475
Hornafjörður	29.001	75.187	66.072	9.115	522	8.593				24.894	15.077	39.971
Snæfellsbær	41.246	71.444	52.294	19.150	8.592	10.558			922	6.885	47.387	54.272
Hafnasamtág Eyjafj.	28.351	56.618	49.720	6.898	10.579	-3.681	6.824			34.090	25.779	59.869
Sandgerði	18.982	42.577	71.240	-28.663	14.134	-42.797				51.790	368.688	420.478
Húsavík	10.368	35.870	53.615	-17.745	9.881	-27.626		55.359		58.309	331.977	390.286
Bolungarvík	15.196	32.835	27.413	5.422	649	4.773	15.720			28.247	49.580	77.827
Skagafjörður	9.500	30.927	22.797	8.130	12.875	-4.745	6.021			14.121	57.753	71.874
Grundarfjörður	16.975	28.367	24.069	4.298	2.233	2.065	1.403			7.776	54.418	62.194
Vopnafjörður	11.900	25.122	20.792	4.330	3.472	858				91.861	103.233	195.094
Samtals	446.282	1.360.479	1.186.874	173.605	396.463	-222.858	52.989	55.359	12.622	1.544.854	3.928.313	5.473.167
Aðrir hafnarsjóðir 2003	Afla- gjald mkr.	Tekjur mkr.	Gjöld mkr.	Rekstrar- niðurst. án afískr	Aískr. mkr.	Afkoma úr rekstri	Skuld við sv.sjóð	Inneign há svsj.	Inneign há ríkissj.	Skamm- tímask. mkr.	Langtíma skuldir mkr.	Heildar- skuldir mkr.
Grindavík	23.700	99.767	92.041	7.726	38.949	-31.223			69.270	79.578	382.837	462.415
Grundartangi		88.302	12.783	75.519	32.344	43.175				47.944	74.016	121.960
Þorlákshöfn	23.200	58.955	47.293	11.662	60.530	-48.868		12.431		4.000	6.552	10.552
Seyðisfjörður	16.733	55.453	65.046	-9.593		-9.593			23.471	45.972	148.788	194.760
Sigluðfjörður	12.500	38.747	27.526	11.221	7.489	3.732				39	606	645
Austurbyggð	18.671	37.317	17.965	19.352	7.146	12.206				1.412	2.447	3.859
Vesturbyggð	8.500	26.201	30.122	-3.921	10.011	-13.932	379			5.246	81.670	86.916
Djúpivogur	9.500	21.765	13.294	8.471	4.826	3.645	19.464			29.932	28.199	58.131
Þórshöfn	8.400	18.389	12.099	6.290	8.380	-2.090	13.805			15.713	77.242	92.955
Skagatrönd	10.872	17.959	10.226	7.733	8.399	-666	7.546			9.944	4.072	14.016
Stykkishólmur	7.200	15.807	20.092	-4.285		-4.285		4.925		6.536	69.147	75.683
Raufarhöfn	4.400	12.212	13.299	-1.087	1.908	-2.995	10.700			12.332	13.306	25.638
Tálknafjörður	3.800	8.629	19.475	-10.846	3.560	-14.406	30.178			11.022	25.816	36.838
Súðavík	3.000	5.889	3.989	1.900	538	1.362	13.834			13.834		13.834
Hólmavík	2.100	4.281	4.686	-405	1.980	-2.385	25.998			26.073		26.073
Húnaþing vestra	400	3.195	3.744	-549	2.196	-2.745	15.947			18.001	13.142	31.143
Borgarfjörður	1.000	2.618	3.290	-672	264	-936	2.934			3.160	166	3.326
Bakkafjörður	1.800	2.171	2.077	94	1.717	-1.623	47.765			47.923	315	48.238
Blönduós	1.000	2.125	4.218	-2.093	5.054	-7.147	9.270			15.279	55.735	71.014
Reykholahöfn		1.978	832	1.146		1.146						0
Kópasker	800	1.944	1.855	89	249	-160				184	4.043	4.227
Vogar		626	1.501	-875		-875	1.155			1.155		1.155
Breiðdalsvík	400	607	1.525	-918	1.040	-1.958	17.752			18.893	2.992	21.885
Grímsey				0		0						0
Samtals	157.976	524.937	408.978	115.959	196.580	-80.621	216.727	17.356	92.741	414.172	991.091	1.405.263
	Afla- gjald mkr.	Tekjur mkr.	Gjöld mkr.	Rekstrar- niðurst. án afískr	Aískr. mkr.	Afkoma úr rekstri	Skuld við sv.sjóð	Inneign há svsj.	Inneign há ríkissj.	Skamm- tímask. mkr.	Langtíma skuldir mkr.	Heildar- skuldir mkr.
Reykjavíkurbíó	69.774	1.095.859	603.166	492.693	485.454	7.239	29.105			355.160	1.062.995	1.418.155
Hafnarsjóðir utan Hafnasamb. sv.félaga	Afla- gjald mkr.	Tekjur mkr.	Gjöld mkr.	Rekstrar- niðurst. án afískr	Aískr. mkr.	Afkoma úr rekstri	Skuld við sv.sjóð	Inneign há svsj.	Inneign há ríkissj.	Skamm- tímask. mkr.	Langtíma skuldir mkr.	Heildar- skuldir mkr.
Kópavogur		33.281	37.770	-4.489		-4.489						0
Dranganes	3.000	3.773	6.762	-2.989	1.663	-4.652	41578			18.204	24.844	43.048
Dalabyggð		1.485	584	901		901						0
Árneshreppur		1.371	1.082	289	310	-21						0
Borgarbyggð			487	-487		-487						0
Samtals	3.000	39.910	46.685	-6.775	1.973	-8.748	41.578	0	0	18.204	24.844	43.048
	Afla- gjald mkr.	Tekjur mkr.	Gjöld mkr.	Rekstrar- niðurst. án afískr	Aískr. mkr.	Afkoma úr rekstri	Skuld við sv.sjóð	Inneign há svsj.	Inneign há ríkissj.	Skamm- tímask. mkr.	Langtíma skuldir mkr.	Heildar- skuldir mkr.
Allir hafnarsj. 2003	677.032	3.021.185	2.245.703	775.482	1.080.470	-304.988	340.399	72.715	105.363	2.332.390	6.007.243	8.339.633
Allir hafnarsj. 2002	687.535	2.836.125	2.530.615	305.510	552.258	-246.748	332.621	113.844	45.113	2.527.371	5.210.181	7.737.552

Tafla 8. Hafnarsjóðir flokkaðir eftir tekjum á árinu 2003.

Hafnarsjóðir 2003	Afla- gjald mkr.	Tekjur mkr.	Rekstrar- gjöld mkr.	Rekstrar- niðurst. án afskr.	Afskr. mkr.	Afkoma úr rekstri	Skuld við sv.sjóð	Inneign há sv.sj.	Inneign há ríkissj.	Skamm- tímask. mkr.	Langtíma skuldir mkr.	Heildar- skuldir mkr.
Reykjavíkurborg	69.774	1.095.859	603.166	492.693	485.454	7.239	29.105			355.160	1.062.995	1.418.155
Hafnarsjóðir sem hafa yfir 50 milljónir í tekjur (án Rvk).												0
Hafnarfjörður	34.589	199.648	133.011	66.637	46.463	20.174				839.711	389.004	1.228.715
Vestmannaeyjar	59.774	184.178	155.607	28.571	108.127	-79.556				54.589	482.120	536.709
Fjarðabyggð	58.500	174.679	93.286	81.393	32.237	49.156				45.038	60.358	105.396
Hafnasamtág Norðurl.	36.000	156.274	105.434	50.840	58.657	-7.817	7.043			60.829	318.245	379.074
Grindavík	23.700	99.767	92.041	7.726	38.949	-31.223			69.270	79.578	382.837	462.415
Grundartangi		88.302	12.783	75.519	32.344	43.175				47.944	74.016	121.960
Ísafjarðarbær	34.590	86.109	70.035	16.074	12.084	3.990	15.978			30.961	118.006	148.967
Akranes	30.708	81.014	72.160	8.854	41.973	-33.119				17.956	90.010	107.966
Reykjanesbær	10.602	79.630	169.329	-89.699	33.985	-123.684			11.700	177.797	1.416.678	1.594.475
Hornafjörður	29.001	75.187	66.072	9.115	522	8.593				24.894	15.077	39.971
Snæfellsbær	41.246	71.444	52.294	19.150	8.592	10.558			922	6.885	47.387	54.272
Þorlákshöfn	23.200	58.955	47.293	11.662	60.530	-48.868		12.431		4.000	6.552	10.552
Hafnasamtág Eyjafl.	28.351	56.618	49.720	6.898	10.579	-3.681	6.824			34.090	25.779	59.869
Seyðisfjörður	16.733	55.453	65.046	-9.593		-9.593			23.471	45.972	148.788	194.760
Samtals	426.994	1.467.258	1.184.111	283.147	485.042	-201.895	29.845	12.431	105.363	1.470.244	3.574.857	5.045.101
Hafnarsjóðir sem hafa milli 20 og 50 milljónir í tekjur												0
Sandgerði	18.982	42.577	71.240	-28.663	14.134	-42.797				51.790	368.688	420.478
Siglufljörður	12.500	38.747	27.526	11.221	7.489	3.732				39	606	645
Austurbyggð	18.671	37.317	17.965	19.352	7.146	12.206				1.412	2.447	3.859
Húsavík	10.368	35.870	53.615	-17.745	9.881	-27.626		55.359		58.309	331.977	390.286
Kópavogur		33.281	37.770	-4.489								0
Bolungarvík	15.196	32.835	27.413	5.422	649	4.773	15.720			28.247	49.580	77.827
Skagafjörður	9.500	30.927	22.797	8.130	12.875	-4.745	6.021			14.121	57.753	71.874
Grundarfjörður	16.975	28.367	24.069	4.298	2.233	2.065	1.403			7.776	54.418	62.194
Vesturbyggð	8.500	26.201	30.122	-3.921	10.011	-13.932	379			5.246	81.670	86.916
Vopnafjörður	11.900	25.122	20.792	4.330	3.472	858				91.861	103.233	195.094
Djúpvogur	9.500	21.765	13.294	8.471	4.826	3.645	19.464			29.932	28.199	58.131
Samtals	132.092	353.009	346.603	6.406	72.716	-61.821	42.987	55.359	0	288.733	1.078.571	1.367.304
Hafnarsjóðir sem hafa milli 10 og 20 milljónir í tekjur												0
Þorshöfn	8.400	18.389	12.099	6.290	8.380	-2.090	13.805			15.713	77.242	92.955
Skagaströnd	10.872	17.959	10.226	7.733	8.399	-666	7.546			9.944	4.072	14.016
Stykkishólmur	7.200	15.807	20.092	-4.285		-4.285		4.925		6.536	69.147	75.683
Raufarhöfn	4.400	12.212	13.299	-1.087	1.908	-2.995	10.700			12.332	13.306	25.638
Samtals	30.872	64.367	55.716	8.651	18.687	-10.036	32.051	4.925	0	44.525	163.767	208.292
Hafnarsjóðir sem hafa undir 10 milljónir í tekjur												0
Tálknafjörður	3.800	8.629	19.475	-10.846	3.560	-14.406	30.178			11.022	25.816	36.838
Súðavík	3.000	5.889	3.989	1.900	538	1.362	13.834			13.834		13.834
Hólmavík	2.100	4.281	4.686	-405	1.980	-2.385	25.998			26.073		26.073
Dranganes	3.000	3.773	6.762	-2.989	1.663	-4.652	41578			18.204	24.844	43.048
Húnaþing vestra	400	3.195	3.744	-549	2.196	-2.745	15.947			18.001	13.142	31.143
Borgarfjörður	1.000	2.618	3.290	-672	264	-936	2.934			3.160	166	3.326
Bakkafjörður	1.800	2.171	2.077	94	1.717	-1.623	47.765			47.923	315	48.238
Blönduós	1.000	2.125	4.218	-2.093	5.054	-7.147	9.270			15.279	55.735	71.014
Reykholahöfn		1.978	832	1.146		1.146						0
Kópasker	800	1.944	1.855	89	249	-160				184	4.043	4.227
Dalabyggð		1.485	584	901		901						0
Árneshreppur		1.371	1.082	289	310	-21						0
Vogar		626	1.501	-875		-875	1.155			1.155		1.155
Breiðdalsvík	400	607	1.525	-918	1.040	-1.958	17.752			18.893	2.992	21.885
Grímsey				0		0						0
Borgabyggð			487	-487		-487						0
Samtals	17.300	40.692	56.107	-15.415	18.571	-33.986	206.411	0	0	173.728	127.053	300.781
Allir hafnarsjóðir 2003	677.032	3.021.185	2.245.703	775.482	1.080.470	-300.499	340.399	72.715	105.363	2.332.390	6.007.243	8.339.633
Allir hafnarsj. 2002	687.535	2.836.125	2.530.615	305.510	552.258	-246.748	332.621	113.844	45.113	2.527.371	5.210.181	7.737.552

FYLGISKJAL 1
YFIRLIT UM GJALDSKRÁ FYRIR HAFNIR Á ÁRUNUM 1998-
2003

Tegund gjalda	Eining	Setning gjaldskrár				
		1.2.1999	1.2.2000	7.2.2001	23.11.2001	21. 5. 2003
Lestagjald	kr/bt	5,05	5,2	5,4	5,7	7,4
			(+/- 2,0%)		(+/- 2,0%)	
Bryggjugjald	kr/bt./dag	2,45	2,52	2,62	2,8	1,8
			(+/- 2,0%)		(+/- 2,0%)	
Lesta- og bryggjugjald	kr/bt./mán	33,4	34,4	35,77	37,6	48,40
			(+/- 2,0%)		(+/- 2,0%)	
	Lágm.:kr/mán	3.580	3.760	3.910	4.160	5.286
	Undir 20 bt:	2.340	2.460	2.588	2.686	3.459
Vörugjald						
1. fl.	kr/t.	123,5	123,5	128,4	134,8	138,8
2. fl.	kr/t.	237,5	237,5	247	259,4	267,2
3. fl.	kr/t.	256,5	256,5	266,8	280,1	288,5
4. fl.	kr/t.	707	707	735,3	772,1	
5. fl.	% af aflaverðmæti	1,00%	1,03%	1,03%	1,03%	1,6%
			(+/- 2,0%)		(+/- 2,0%)	
5. fl.	Hámarksgj. kr/t	1.580	1.660	1.726	2.400–3.600	
	Lágmarksgj. kr/t	65,70	69,00	71,80	75,40	109

FYLGISKJAL 2

GJALDSKRÁ FYRIR HAFNIR

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til. Heimilt er einstökum höfnum að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari um 20% sjá þó sérstaklega 4. flokk vörugjalda (aflagjald) sem sýndur er í 12. gr.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 7,40 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 1,80 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 12 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 48,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5,286 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 3.459 á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruf lutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó einstökum ferjuhöfnum að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3. flokk a) sbr. 12. gr.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær

sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 138,80 fyrir hvert tonn:

Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl.: Gjald kr. 267,20 fyrir hvert tonn:

Lýsi og fiskimjöl.

3. fl.: Gjald kr. 288,50 fyrir hvert tonn:

- a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda
- b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
- c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald 1,60%. Einstökum hafnarstjórnnum er heimilt að ákveða gjaldið 20% lægra eða hærra, þ.e. 1,28% - 1,92%:

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 3.000 kr. fyrir hvert tonn miðað við 1,6% aflagjald. Hámarksgjaldið skal breytast hlutfallslega í samræmi ákvarðanir einstakra hafnarstjórna um aflagjald og taka gildi á bilinu frá kr. 2.400 allt að kr. 3.600 ef t.d. hafnarstjórn ákveður að nýta alla heimild til hækkunar þ.e. taka 1,92% aflagjald.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 109,00.

13. gr.

Heimilt er einstökum höfnum að taka farþegagjald við komu og brottför fyrir hvern fullorðin farþega og hálf gjald fyrir hvert barn sem fer um höfnina aðra en farþega ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum. Hafnarstjórn ákveður gjöld fyrir aðra þjónustu hafnarinnar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum.

14. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olíuflutningaskipa sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum.

Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olíuflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

- a) í athugasemdareitnum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og
- b) undir lið 5.2 í fylgiskjali, af gerð B, við alþjóðamengunarvarnarskírteinið (IOPP-skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

15. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

16. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

17. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

18. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 7. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Frávik og gildistaka.

19. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórnnum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt bráðabirgðaákvæði hafnalaga nr. 61/2003 staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 1. júlí 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 193/2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi skip ekki alþjóðlegt mælibréf, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969 er hafnarstjórn heimilt að miða gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari við brúttórúmlestatölu skips. Þegar svo háttar skal lestagjald vera kr. 14,60 á mælieiningu og bryggjugjald kr. 7,50 á mælieiningu sbr. 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar.

Samgönguráðuneytinu, 21. maí 2003.

Sturla Böðvarsson

Jóhann Guðmundsson